

## Aðalfundur ÍSALP 27.09.2017

- Ágúst Þór Gunnlaugsson kjörinn fundarstjóri
- Ottó Ingi Þórisson skipaður fundarritari
- Helgi Egilsson formaður fer í gegnum skýrslu stjórnar, sjá viðhengi 1
- Ottó Ingi Þórisson kynnti ársreikningana. Þeir voru samþykktir að öllum viðstöddum.
- Engar lagabreytingatillögur

### Stjórn

Eftir því sem við komumst næst þá er staðan þessi

- 2 ára staða – formaður – Helgi Egilsson 1 ár eftir
- 2 ára staða – Ottó Ingi Þórisson – 1 ár eftir
- 2 ára staða – Bjartur Týr Ólafsson – 1 ár eftir
- 2 ára staða – Heiða Aðalbjargar – Það þarf að kjósa – Sigurður Ýmir Richter kosinn
- 2 ára staða – Sigurður Ragnarsson – Matteo kosinn
- 1 árs staða – Jónas Grétar Sigurðsson – Jónas kosinn
- 1 árs staða – Þorsteinn Cameron – Baldur kosinn

### Uppstillinganefnd

Halldór Albertsson, Rún Thorarínsson og Ottó Ingi Þórisson kosin í uppstillinganefnd

### Skoðunarmenn ársreikninga

Páll Sveinsson og Sigurður Tómas Þórisson

### Árgjald

4120 kr ákveðið

### Önnur mál

Helgi byrjar umræðu um hvað Ísalp á að snúast um.

- Halda því áfram sem við erum að gera. Margt gerst síðasta ár þrátt fyrir lélagar aðstæður og veður
- Rætt um fjallaskíðamennsku. Klúbburinn er dottinn svoldið út úr þeim geira, var einu sinni með telemarkfestival. Það hefur verið stefnt að því undanfarið tvö ár að halda fjallaskíðafestival en aldrei neitt orðið úr því.
- Á ÍSALP að einbeita sér að því að halda námskeið? Almennt voru viðstaddir sammála um að námskeið ættu ekki að vera aðalatriði hjá ÍSALP en sjálfsagt mál að halda námskeið þegar áhugi er fyrir slíku.
- Menn ánægðir með að klúbburinn sé að styrkja félagi til þess að fara í ferðir erlendis
- Viðstaddir voru spenntir fyrir því að ÍSALP myndi skipuleggja hópferð erlendis

Stardalur - á að bolta toppakkeri

- Mjög misjafnar skoðanir
- Hefur oft verið rætt
- Verður mögulega til þess að fleiri byrji að klifra í Stardal og fleiri byrji í dótaklifri
- Enginn niðurstaða í málið

### Árshátíð

- Ági kosinn formaður árshátíðarnefndar. Hann finnur fleiri með sér í að skipuleggja afmælisárshátíð ÍSALP. Haldið á verkstæðinu hjá Baldri.

## Viðhengi 1 – Skýrsla stjórnar

Stjórn Alpaklúbbsins var endurkjörin á aðalfundi í september 2016 auk þess sem Sigurður Ragnarsson tók sæti Katrínar Möller, sem flutti erlendis þegar hún átti eitt ár eftir í stjórn. Ottó Ingi Þórisson tók við hlutverki gjaldkera.

21. september var aukaaðalfundur þar sem lagður var fram ársreikningur klúbbsins, sem ekki tókst að klára fyrir aðalfund. Í leiðinni voru tvær myndasýningar, annars vegar talaði Ingunn um ferð sína til Bretlands síðasta sumar og hins vegar Ævar og Eysteinn sem töluðu um Íransferð á vegum klúbbsins.

Síðasta haust tilkynnti Matteo Meucci stjórn klúbbsins að hann ætlaði að ráðast í metnaðarfullt verkefni um veturinn og óskaði eftir samstarfi við klúbbinn. Hann ætlaði sér að klifra 100 ísleiðir á einu tíímabili og hlaupa síðan 100 km. Hann hélt myndasýningu fyrir klúbbinn í október þar sem mættu 30 manns. Matteo kenndi ísklifurnámskeið á Sólheimajökli fyrir klúbbinn. Ákveðið var að hafa námskeiðið frítt fyrir meðlimi Alpaklúbbsins. Þátttakendur voru tólf og þar af 10 nýir félagar.

2017 er 40 ára afmælisár klúbbsins og var stefnt að því að halda veglegt ísklifurfestival í tilefni þess. Stofnuð var festivalnefnd og var Heiða fulltrúi stjórnar í henni. Sigurður Ýmir endaði sem forystumaður nefndarinnar og var stefnt að því að halda festivalið austur á fjörðum. Festivalið féll síðan niður vegna veðurs en líklega verður stefnt að því að halda festivalið fyrir austan næsta vetur.

Ekki tókst að fá þyrlu til að fljúga upp í Botnssúlur með undirstöður undir Bratta til viðbótar við þær sem settar voru upp haustið 2015. Þar með var útséð með að ómögulegt yrði að flytja Bratta til fjalla á árinu 2017. Um veturinn hófst bygging fjölbýlishúss á lóðinni þar sem við geymdum skálann og þurftum við því að flytja hann. Hallgrímur Magnússon fékk leyfi fyrir skálann á nýrri lóð 100 metrum frá þeirri gömlu, þar sem hann fær að vera þar til hann verður fluttur næsta vetur. Samkomulag náðist við Björgunarfélag Akraness um að koma undirstöðum upp í Súlnadal á snjóþílum síðasta vor og núna í sumar tóku þeir kröftuga vinnutörn í Botnssúlum með sexhjólum og gröfu og kláruðu alla undirbúningsvinnu fyrir komu skálans.

Það hafði verið draumur formanns um nokkurt skeið að stofna til vinasamstarfs við erlendan Alpaklúbb og búa til skiptiprógram milli tveggja klúbba. Fyrsta hugmyndin var að heyrja í Katalónska Alpaklúbbnum en fljótlega kviknaði sú hugmynd að mynda samstarf við Alpaklúbbinn í Písa á Ítalíu, en það er uppeldisklúbbur Matteos Meucci. Þeir tóku mjög vel í hugmyndina og sendu fjóra féлага í heimsókn til okkar á festivaltíma, í febrúar 2017. Þrátt fyrir óóblííð veðurskilyrði fengu þeir góðar móttökur á Íslandi og náðu að klifra heilmikið. Þeir gistu í íbúð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í Reykjavík og fóru svo áá flakk um landið með Matteo, Ottó, Bjarti, Jonna og fleirum. Þeir héldu vel sótta myndasýningu í Klifurhúsinu þar sem þeir kynntu heimaslóðir sínar. Alpaklúbburinn sendi síðan fjóra féлага í september 2017, Pál Sveinsson, Ottó Inga Þórisson, Bjart Tý Ólafsson og Rúnu Thorarensen. Gríðarleg áánægja var með ferðina til Ítalíu og megum við búast við myndasýningu og frásögn fljótlega.

Ítalirnir gáfu okkur osta og kryddpylsur, og tvö 50m halfrope.

Þorsteinn var í sambandi við Vilborgu Örnú um að efna til Ísalpferðar til Himalajafjalla sem hljómaði mjög vel. Ekkert varð úr því í bili en fullt erindi til að kanna hvort þetta er framkvæmanlegt síðar.

Tashi og Nungshi Malik, indverskar tvíburasystur sem hæstu tindana í hverri heimsálfu auk beggja pólananna sóttu landið heim í nóvember og var félögum úr stjórn ÍSALP boðið í kokteilboð í indverska sendiráðið sem fór vel fram.

Búnaðarbazar var haldinn með hefðbundnu sniði í húsnæði FBSR. Þar var góð mæting og heitt áá könnunni.

Alpaklúbburinn lét framleiða lasermerktar karabínur fyrir sig og derhúfur sem ruku út eins og heitar lummur.

Ársrit klúbbsins var gefið út í desember og er þetta í fyrsta sinn í áratug sem tekst að gefa út ársrit tvö ár í röð. Þorsteinn Cameron bar hitann og þungann af útgáfunni og á hrós skilið fyrir vel unnin störf. Í fyrra bárust ábendingar um að framlag kvenna til blaðsins væri af skornum skammti og var strax ákveðið að bæta úr því við næsta tækifæri. Fór svo að allar innsendar greinar voru skrifaðar af konum í ársritinu 2016. Næsta ársrit er vel á veg komið og líklegt að takist að gefa það út í desember.

Jólaklifrið féll niður 17.des vegna veðurs í ár en haldið var dry-tool mót í staðinn. Útgáfupartý ársritsins var haldið um kvöldið og þar hélt Cecilia Buil fyrirlestur auk Róberts Halldórssonar..

Lucie Hrozova, sem er einn færasti mixklifrari í heimi var í grimmu íshellamissjóni á Íslandi íí vetur og hélt fyrirlestur fyrir Klúbbinn 10.janúar í Klifurhúsinu

Klifrar á vegum North-Face héldu myndasýningu 9.mars. Við leigðum ráðstefnusal á Center Hotel Plaza og úr varð gríðarlega flottur viðburður. Gestir voru á bilinu 70-80, þarna var kaffi á könnum, dýrindis gúrkuvatn í boði auk þess sem bjór á tilboði og við seldum húfur og karabínur. Útilíff endaði á því að borga salinn þannig að þetta kom mjög vel út.

Ungverska fjallaskífiðasambandið hafði samband við okkur í mars og vildi efna til þriggja landa samstarfs. Þeir sóttu um styrk hjá Evrópusambandinu og fengu að lokum úthlutað veglegum styrk. Smári Stefánsson hefur verið tengiliður þessa verkfnis og þetta mun væntanlega skýrast fljótlega.

Banff var haldið með hefðbundnu sniði í maí. Enn á nýy í Háskólabíói. Styrkir veittir frá Fjalló og GGsport.

Ísalp er að vinna í skriflegu samkomulagi við bændur á Hnappavöllum um notkun klifrara og aðgengi á svæðinu. Þetta er gert í samstarfi við Klifurfélag Reykjavíkur.

Klifurleiðagagnagrunnur ÍSALP telur nú 804 leiðir, en þeim hefur fjölgað um 100 milli ára.